

Árið 2003, þriðjudaginn 4. mars kl. 1.30 e.h., kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 9. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Á fundi 3. des. 2002 lagði Sænes ehf fram til kynningar ófullgerðar teikningar frá Opus teikni- & verkfræðistofu af breytingu á húsnæði að Lundsbraut 2 Grenivík. Nú liggja fyrir fullnaðarteikningar og umsagnir frá slökkviliðsstjóra og vinnueftirliti. Einnig hefur hönnuður unnið verkið í samráði við Lyfjastofnun.

Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar fyrir sitt leyti.

2. Lagðar fram til kynningar ófullgerðar teikningar frá VA Arkitektum um fyrirhugaðar viðbyggingar við Valsárskóla á Svalbarðsströnd.

Byggingarnefnd telur eðlilegt að athugað verði hvort ekki sé þörf á stækkun fyrirhugaðrar viðbyggingar (senu) við austurstafn á húsinu, að öðru leyti tekur nefndin ekki afstöðu fyrr en frekari gögn liggja fyrir.

3. Erindi frá eigendum Veigastaða 1 Svalbarðstrandarhr. um leyfi til að rífa þau gömlu hús sem eftir standa á jörðinni.

Húsin eru samkvæmt fasteignamatsskrá: mhl. 02 geymsla áður íbúðarhús, mhl 04 alifuglahús áður fjós og mhl 06 hlaða.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Tekið fyrir bréf dags. 29. jan. sl. undirritað af stjórn Heiðarbyggðar, félags sumarbústaðaeigenda í landi Geldingsár.

Byggingarnefnd telur efni bréfsins ekki gefa tilefni til bóknar.

Í niðurlagi bréfsins kemur fram að fyrirhugað er að halda aðalfund félagsins í apríl og er óskað eftir að byggingarfulltrúi mæti á fundinn til að kynna lög og reglur sem lúta að framkvæmdum á svæðinu.

Byggingarfulltrúi telur sjálfsagt að mæta á fundinn geti hann komið því við.

5. Jón Björnsson leggur inn breyttar teikningar frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf af íbúðarhúsi sem hann er að reisa að Fosslandi 5 Eyjafjarðarsveit. Breytingin felur í sér að sett verði svalaloft í stofu.

Samþykkt.

6. Fjóla Guðjónsdóttir Álfaklöpp Eyjafjarðarsveit óskar eftir bráðabirgðaleyfi til að breyta bílgeymslu (búið er að steypa sökkul) í fönduraðstöðu og byggja millibyggingu milli bílgeymslu og íbúðarhúss. Teikningar eru frá HSÁ teiknistofu verk nr. 99-309.

Byggingarnefnd samþykkir breytta notkun á bílgeymslunni til allt að 5 ára, en bendir á að staðsetning glugga á austurstafni hússins yrði heppilegri ef þeir næðu ekki út fyrir eðlilega breidd á bílskúrshurð.

7. Erindi frá Aðalsteini Svan Sigfússyni um leyfi fyrir hjólhýsi á lóð nr. 7 á skipulögðu skógræktarsvæði á jörðinni Hálsi Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð með deiliskipulagi að Hálsi er einungis gert ráð fyrir timburhúsum sem meiga vera allt að 20 fermetrum að stærð. Í greinargerðinni koma einnig fram nánari ákvæði um gerð og legu húsa á skipulagssvæðinu.

Byggingarnefnd getur því ekki orðið við ósk þinni um leyfi fyrir hjólhýsi á ofangreindri lóð.

8. Jólagarðurinn ehf sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af viðbyggingu við verslunina Jólagarðinn Eyjafjarðarsveit samkvæmt teikningum frá HSÁ teiknistofu. Breytingarnar eru, að kastali er stækkaður og byggingarefni breytt í timbur (átti að vera steypa) og innréttingu í kjallara er breytt. Fyrir liggur samþykki slökkviliðsstjóra á nýjum teikningum.

Byggingarnefnd samþykkir breytingarnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.

Hreiðar Hreiðarsson  
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson  
Bragi Pálsson

Hermann Jónsson  
Jósavin Gunnarsson